

## ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

### Ársskýrsla 2020

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti og var þetta fyrsta ár núverandi stjórnar. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og menningarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2020 skipuðu:

- Óskar Haukur Níelsson, formaður
- Guðjón Hreinn Hauksson, fulltrúi KÍ
- Fjóla Þorvaldsdóttir, fulltrúi KÍ
- Elísabet Siemsen, fulltrúi FÍF
- Þórður, fulltrúi SÍS

Stjórnin hélt fjóra fundi á tímabilinu á árinu 2020:

- 21. febrúar (Samráðsfundur – upphaf nýrrar stjórnar)
- 3. mars (Stjórnarfundur – verkefnaskipting)
- 31. mars (Samráðsfundur – Breytingar á vinnulagi vegna Covid-19)
- 24. apríl (Stjórnarfundur – úthlutun)

#### Starfsemi

Forgangsattriði sjóðsins á árinu voru þrjú:

1. Námsgögn er styðja við aðlögun og íslenskunám innflytjenda.
2. Námsgögn sem miða að markvissri eflingu orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum. Sérstaklega er horft til íslensku, náttúru- og stærðfræði. Námsgögn þurfa að höfða til áhugahvatar hópa sem standa höllum fæti.

3. Námsefni sem styður við félagsfærni nemenda með áherslu á þátttöku í samfélagi, sjálfsmynd og líðan.

Ákveðið var að opna fyrir umsóknir um miðjan desember og hafa umsóknarfrest fram í byrjun febrúar. Stjórn sjóðsins ákvað að halda áfram að skipta styrkumsóknunum í tvennt. Bæði var hægt að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2 m.kr. en einnig var hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4 m.kr. Hámarksfjöldi umsókna sem gátu hlotið síðarnefnda styrkinn voru tvær.

Sjóðnum bárust alls 104 styrkumsóknir og námu fjárbeiðnir alls rúmum 200,8 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um 2 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam 2,33 m.kr.

59 umsóknir (57%) féllu undir ofangreind forgangsbatriði ársins en 45 umsóknir (43%) féllu undir önnur áhersluatriði.

Aðalumsækjendur voru ýmist einstaklingar eða fyrirtæki; um var að ræða 29 karla (28%), 52 konur (50%) og 23 fyrirtæki/stofnanir (22%). Meðumsækjendur voru alls 41 talsins; 15 karlar (37%) og 26 konur (63%).

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem tók sameiginlega ákvörðun um úthlutun.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 31 verkefna fyrir árið 2020 fyrir alls 52,2 m.kr. Þetta voru 4 karlar (13%), 15 konur (48%) og 12 fyrirtæki/stofnanir (39%). Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkupphæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað
Barnaheill – Save the Children á Íslandi	<i>Vinátta – Fri for Mobberi, fyrir sex til níu ára lokaútgáfa</i>	900.000
Björn Jón Bragason	<i>Lögfræðihlaðvarpið</i>	1.000.000
Brynhildur Þórarinsdóttir	<i>Snjallgátt til miðalda</i>	1.000.000
Dagbjört Guðmundsdóttir	<i>100 orð</i>	2.000.000
Eva Harðardóttir	<i>Alþjóðleg borgaravitund ungs fólks</i>	2.000.000
Forlagið ehf.	<i>Þín eigin saga – 5 &amp; 6</i>	1.500.000
Forlagið ehf.	<i>Þjóðsögur með skýringum</i>	900.000
Forlagið ehf.	<i>Jarðvísindi</i>	3.500.000

Forlagið ehf.	<i>Tvær léttlestrarbækur um vísindi og náttúruna: Umhverfið og Pláneturnar</i>	1.800.000
Freyja Auðunsdóttir	<i>Ritlisti fyrir framhaldsskóla</i>	2.000.000
Guðni Kjartansson	<i>Listin að lesa nótur</i>	2.000.000
H.A – Miðstöð skólaþróunar	<i>Stærðfræðistoðin</i>	2.000.000
Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir	<i>Bók á milli mála</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Tölvustýrðar iðnvélar (CNC)</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Byggingaframkvæmdir – Vinnuvernd og gæði</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Innréttingar og innihurðir</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Stýritækni – Grundvallaratriði í loft- og vökvastýringum</i>	2.000.000
Katrín Magnúsdóttir (Landvernd)	<i>Kennsluefni um umbreytandi nám, loftslagsbreytingar og lífbreytileika</i>	2.000.000
Katrín Magnúsdóttir (Landvernd)	<i>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Skólar á grænni grein</i>	1.000.000
Melissa Auðardóttir	<i>Räkna með mig og räkna með ABAKUS</i>	1.500.000
Rannveig Magnúsdóttir	<i>Umhverfistófan, teiknuð útskýringa-myndbönd um umhverfismál fyrir yngsta og miðstig grunnskóla</i>	1.000.000
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	<i>Enska: The reading box</i>	354.000
Sigríður Ingadóttir (H.A – Miðstöð skólaþróunar)	<i>Félagaspjall</i>	1.760.000
Sigríður Ingadóttir (H.A – Miðstöð skólaþróunar)	<i>Mannkostamenntun (dygðakennsla)</i>	2.000.000
Sigurður Fjalar Jónsson	<i>Sköpun, hönnun og framleiðsla í þrívídd</i>	2.000.000
Sólrún Harðardóttir	<i>Náttúran í Reykjavík – vefur fyrir grunnskólanemendur</i>	1.000.000
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	<i>Handritin til barnanna - námsefnishluti</i>	2.000.000
Sveinn Gauti Einarsson	<i>GAUTI</i>	2.000.000
Theodóra Mýrdal	<i>Málörvunarspjöld; snemmtæk íhlutun</i>	1.000.000

<b>Unnur Líf Ingadóttir Imsland</b>	<i>Út fyrir bókina</i>	2.000.000
<b>Pórdís Hulda Tómasdóttir</b>	<i>Sýkla- og veirufræði (vinnuheiti)</i>	2.000.000
		<b>52.214.000</b>

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 17. mars 2021

Skúli Leifsson, Rannís